

GJALDSKRÁ fyrir frístundalóðir í landi Fjallabyggðar

1. gr.
Gildissvið

Gjaldskrá þessi gildir fyrir frístundalóðir í skipulögðum frístundabyggðum á landi í eigu Fjallabyggðar. Gjaldskráin er sett með stoð í samþykkt bæjarstjórnar um frístundalóðir í landi Fjallabyggðar frá 26. janúar 2009.

2. gr.
Gjöld fyrir frístundalóðir

Óafturkræft gjald fyrir frístundalóðir skal vera eftirfarandi:

Gjald á fermetra vegna úthlutunar lóðar kr. 180,-
Árleg leiga, vísað í gjaldskrá sveitarfélagsins um fasteignagjöld, lóðarleigu.

Grunngjald vegna úthlutunar lóðar verður dregið frá gatnagerðargjaldi þegar kemur að innheimtu þess. Helmingur gatnagerðargjalds er innheimtur við útgáfu byggingarleyfis og eftirstöðvar þess greiðast við útgáfu foheldisvottorðs eða einu ári frá upphafi framkvæmda.

3. gr.
Greiðsla gjalda vegna frístundalóða

Gjalddagi gjalds vegna úthlutunar lóðar skal vera 30 dögum frá því að tilkynnt er um úthlutun og eindagi 14 dögum síðar.

4. gr.
Uppfærsla gjalda


Gjöld uppreiknast árlega 1. janúar miðað við byggingarvísitölu (grunnur frá 2021). Byggingarvísitala í janúar 2023 er 112,7 stig.

5. gr.
Gildistaka

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi með staðfestingu bæjarstjórnar Fjallabyggðar.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 15. maí 2023

Fjallabyggð, 10. júlí 2023.


Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri